

50. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Leikskólanum Lundarseli 11. ágúst 2014 kl. 20.00

Mættir: Þorberg og Svala.

Akureyrarvaka 2014

Ræddum væntanlega Akureyrarvöku. Ákváðum að taka þátt í lautarferð á laugardagsmorgni á Akureyrarvöku. Ýmsar hugmyndir og uppákomur ræddar m.a.:

- Semja bréf sem við reynum að koma á einhvern hátt til íbúa hverfisins og óska eftir m.a. tónlistaruppákomu, göldrum, bröndurum, sögum, leiksýningum eða íþróttasýningum einhverskonar.
- bjóða upp á andlitsmálun, taka þá fram í bréfinu að við óskum eftir andlitsmálurum.
- bjóða upp á föndur, ættum að geta fjármagnað smá föndur með fjármagni frá hverfisnefnd þar sem lautarferðin er auglýst til allra íbúa hverfisins.
- skottsala verður í boði, reyna að mynda smá sölutorg og auglýsa þá einnig í bréfinu að íbúar geti komið og selt sinn varning á teppum ef vilji er fyrir hendi.
- Gaman væri að bjóða upp á drykk og nammi og fannst okkur tilvalið að fjármagna þær veitingar með 16000 kr. sem hver hverfisnefnd fær úthlutað fyrir lautarferðina.

Ýmsar vangaveltur hvernig við getum komið upplýsingum til íbúa, vorum ekki alveg til í að fara í dreifibréf þar sem ansi mikill tími færi í það og sáum ekki að við hefðum tíma í það.

Upp kom hugmynd um að leita til Lundarskóla og leikskólanna Pálmholts og Lundarsel um að fá að senda póst til foreldra í gegnum þeirra póstlista. Taka svo fram í bréfinu að biðja fólk um að láta ættingja, vini og kunningja í hverfinu vita (sem eiga ekki börn á skólaaldri).

Einnig getum við nýtt facebook og sent til þeirra í hverfinu sem við erum með sem vini sem eru ekki á þessum póstlistum. Ættum að geta náð til ansi margra heimila þannig.

Önnur mál

- Fórum yfir tölvusamskipti sem við höfum átt við Helga í skipulagsráði vegna athugasemda sem við sendum vegna Dalsbrautar. Gerð hefur verið grein fyrir þeim atriðum sem við settum athugasemdir við. Gerum ekki meira í þeim málum að sinni.
- Höfum fengið ábendingar vegna lélegs malbiks við Grenilund. Ræddum málið.
- Ræddum 2 milljónirnar sem eiga að fara í framkvæmdir, höfum ekkert heyrt frá þeim og væri gott fyrir okkur að fara að ýta við svörum.
- Stefnum á aðalfund í okt./nóv. Ræddum aðferðir við að reyna að lokka fólk í hverfisnefndina.

Fundi slitið kl. 22.00
Fundargerð ritaði,
Svala Björnsdóttir